

**SAMPYKKT**  
**um breytingu á samþykkt um stjórn**  
**og fundarskóp Ásahrepps nr. 336/2002.**

1. gr.

2. mgr. 7. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

2. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytisins“ í 5. mgr. 15. gr. komi: samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytisins.

3. gr.

4. mgr. 32. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Fundargerðir hreppsnefndar eru jafnframt skráðar í tölvu. Í gerðabók hreppsnefndarinnar skal bóka númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

4. gr.

2. mgr. 43. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Hreppsnefnd getur ákveðið að víkja frá þessu ákvæði ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starf viðkomandi einstaklings er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum þrátt fyrir nefndarsetu.

5. gr.

51. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

1. **Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:**

- a) *Kjörstjórn:* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
- b) *Skoðunarmenn ársreikninga:* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnar-laga nr. 45/1998.
- c) *Umhverfisnefnd Ásahrepps:* Þrír aðalmenn og þrír til vara.
- d) *Jafnréttisnefnd Ásahrepps:* Þrír aðalmenn og þrír til vara
- e) *Atvinnu- og ferðamálanefnd:* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. erindisbréfi.

2. **Kosið af hreppsnefnd í stjórnir ásamt fulltrúum annarra sveitarfélaga:**

- a) *Stjórn Dvalarheimilisins Lundar:* Einn fulltrúi og einn til vara.
- b) *Samráðsnefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra:* Fullskipuð hreppsnefnd Ásahrepps.
- c) *Fræðslunefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra:* Tveir fulltrúar og tveir til vara.
- d) *Meningarmiðstöðin á Laugalandi:* Einn fulltrúi og einn til vara.
- e) *Bókasafnsnefnd:* Einn fulltrúi og einn til vara.
- f) *Stjórn vatnsveitu Ásahrepps og Rangárþings ytra:* Einn fulltrúi og einn til vara.
- g) *Samráðsnefnd um Holtamannaafrétt:* Tveit fulltrúar frá Ásahreppi og tveir til vara.

- h) *Stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúaembættis Rangárþings bs.:* Einn fulltrúi og einn til vara.
- i) *Skipulagsnefnd Rangárvallasýslu:* Einn fulltrúi og einn til vara.
- j) *Bygginganefnd Rangárvallasýslu:* Einn fulltrúi og einn til vara.
- k) *Búfjáreftirlit Rangárvallasýslu:* Einn fulltrúi og einn til vara, nefndin gerir tillögu að ráðningu búfjáreftirlitsmanns skv. 10. gr. laga um búfjárhald, o.fl. nr. 103/2002.
- l) *Stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu:* Einn fulltrúi frá Ásahreppi og einn til vara.
- m) *Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu:* Einn fulltrúi frá Ásahreppi og einn til vara.
- n) *Stjórn Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslu:* Einn fulltrúi og einn til vara.
- o) *Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslu:* Einn fulltrúi og einn til vara.
- p) *Almannavarnaneftnd Rangárvallasýslu:* Einn fulltrúi og einn til vara.
- q) *Samstarfsnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslu og lögreglustjóra:* Einn fulltrúi og einn til vara.
- r) *Félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslu:* Einn fulltrúi og einn til vara.
- s) *Héraðsnefnd Rangárvallasýslu:* Einn fulltrúi og einn til vara.

**3. Fulltrúar kosnir af héraðsnefnd Rangárvallasýslu:**

- a) *Skólanefnd framhaldsskóla:* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- b) *Skólanefnd tónlistarskóla Rangárvallasýslu:* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
- c) *Stjórn bókasafns:* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
- d) *Gróðurverndarnefnd:* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965.
- e) *Heilbrigðisnefnd:* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- f) *Umferðaröryggisnefnd:* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
- g) *Pjónustuhópur aldraðra:* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, þar af þrír skv. tilnefningu; einn frá héraðslækni, einn frá hjúkrunarforstjóra og einn frá öldrunarnefnd skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Par sem ekki eru kosnar sérstakar nefndir fer hreppsnefnd með verkefni þeirra.

6. gr.

1. mgr. 57. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir sveitarjóð og stofnanir hreppsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

7. gr.

Í stað „eins mánaðar“ í 3. málslíð 60. gr. samþykktarinnar komi: tveggja mánaða.

8. gr.

Í stað „félagsmálaráðuneytinu“ í 61. gr. samþykktarinnar komi: samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

9. gr.

Í stað „félagsmálaráðuneytinu“ í 4. mgr. 62. gr. samþykktarinnar komi: samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Nr. 30

5. janúar 2010

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Ásahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 5. janúar 2010.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Stefanía Traustadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 22. janúar 2010